

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á Álftanesi.

*Breiðamýri og norðanvert Sviðholt.*

Bæjarstjórn Álftaness samþykkti þann 10. maí 2005 breytingu á deiliskipulagi við Breiðumýri og á norðanverðu Sviðholti á Álftanesi.

Breytingin felur í sér að tólf parhúsalóðum við Klukkuholt, Lyngholt og Muruholt, fjórum við hverja götu, er breytt í 18 raðhúsalóðir, sex við hverja götu. Átta einbýlishúsalóðum við Klukkuholt er breytt í sextán raðhúsalóðir. Auk þess er reiðstígur merktur meðfram Suðurnesvegi.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Álftanesi, 18. maí 2005.*

**Gunnar Valur Gíslason** bæjarstjóri.